

Kalka sorpeyðingarstöð sf.  
Berghólabraut 7  
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 25.10.2022  
UST202202-334/G.S.O.  
08.14.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 3. ágúst 2022 þar sem fram kom að þrjú frávik hefðu verið skráð í eftirliti stofnunarinnar í Kölku sorpeyðingarstöð, Helguvík. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað 10. júní 2022 og tveimur frávikum því lokað með áðurnefndu bréfi en eitt var útistandandi. Þann 8. september sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila varðandi þriðja frávikinu.

#### **Frávikið er eftirfarandi:**

- 1. Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Aðgangur að athafnasvæðinu skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu. Bæta þarf girðingar á lóðum að Berghólabraut 7 og 7a til að samræmast ákvæðum starfsleyfis. **Samkvæmt úrbótaáætlun hefur endurnýjun á girðingum við Berghólabraut 7 verið lokið og stefnt er að því að endurnýjun girðingarinnar á Berghólabraut 7a verði lokið eigi síðar en 30. nóvember 2022. Búið er að semja við verktaka um að hefja endurbyggingu girðingarinnar og hefur efni, staurar og girðingarefni þegar verið keypt.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir  
lögfræðingur